

# AUGLÝSING

## um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísrael.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ísraels tók á árinu 2005 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels frá 17. september 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1993, 53/1995, 22/1996, 26/1997, 26/1999 og 55/2003, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2005	15.06.2005	Breyting á bókun B og II. viðauka	01.07.2005
2/2005	15.06.2005	Breyting á bókun B	01.07.2005
3/2005	15.06.2005	Breyting á 3. gr. og ný bókun E	Hefur ekki öðlast gildi.
4/2005	15.06.2005	Breyting á 22. gr.	Hefur ekki öðlast gildi.

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 30. desember 2005.*

**Geir H. Haarde.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*